

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Meiri-Tunga 2, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 29. júní 2017, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá árinu 2012 fyrir Meiri-Tungu 2. Breytingin felur í sér að bætt verði við einu húsi til alifuglaeldis.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ægissíða 2, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 11. október 2017, tillögu að deiliskipulagi fyrir Ægissíðu 2. Skipulagið felur í sér að bætt verði við einni lóð undir frístundahús til viðbótar við þær lóðir sem þegar eru á svæðinu en skipulag ekki til staðar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 10. nóvember 2017.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.